



Ársskýrsla

2017

Fjármála- og efnahagsráðherra



Hér er fylgt úr hlaði fyrstu ársskýrslu fjármála- og efnahagsráðherra sem byggist á fyrirmælum í lögum um opinber fjármál. Markmiðið er að fyrir liggi heildstæð samantekt um þróun útgjalda og mat á árangri í samanburði við sett markmið fyrir hvert málefnasvið og málaflokk til lengri tíma lítið, auk yfirlits um aðgerðir sem tengjast þeim. Þannig fæst yfirsýn og tenging fjármuna við stefnumótun fyrir málefnasvið og málaflokka.

Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á að gera grein fyrir því hvaða fjárhæðum hefur verið varið til einstakra verkefna en við uppgjör hefur skort á að tengja þau við markmiðin sem stefnt var að með fjárveitingunum. Ársskýrslu hvers ráðherra er ætlað að breyta þessu og hún getur verið innlegg í umræður um stefnumörkun og mati á því hvernig til hafi tekist. Skýrslur einstakra ráðherra byggjast á samræmdum efnistöðum og framsetningu, ekki síst með tilliti til þess að sum málefnasvið heyrja undir fleiri en einn ráðherra, en umfjöllunin þarf hins vegar að snúast um málaefnasviðin í heild.

Í skýrslunum er hverjum ráðherra fyrir sig ætlað að gera efnislega grein fyrir því hvernig miðar í þeim fjölbreyttu og mikilvægu samfélagsverkefnum sem opinberu fé er varið til. Slíkt yfirlit er mjög mikilvægur grundvöllur fyrir upplýstri umræðu. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnið hefur verið að í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og þeim stofnunum sem undir það heyrja. Ég vænti þess að þessi skýrsla verði jákvætt innlegg í upplýstri umræðu um málefnasvið og málaflokka á ábyrgðarsviði fjármála- og efnahagsráðherra.



Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að fráregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefnasviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytisins er afar fjölbreytt og hefur tengingu við flest svið mannlífs og efnahags. Starfsemin árið 2017 tók mið af leiðarstefjum sem eru að baki öllum verkum sem unnin eru. Ráðuneytið leitast við að setja fram skýr hagstjórnarmarkmið og skilgreina leiðir að þeim. Þessi markmið eru samþætt fyrir hið opinbera í heild; ríki, sveitarfélög og fyrirtæki í eigu hins opinbera. Starfseminni var ætlað að tryggja framgang fjármálastefnu og fjármálaáætlunar og vandaðan undirbúning frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2018.

Mikilvægt leiðarstef var að framkvæmd laga um opinber fjármál mundi mynda áframhaldandi staksteina í bættri meðferð opinberra fjármuna hjá öllum ráðuneytum og stofnunum ríkisins enda var það eitt af meginmarkmiðum laga um opinber fjármál. Ráðuneytið lítur á það sem mikilvægt verkefni að hafa forystu um stefnumótun til lengri tíma hjá ríkinu, standa fyrir og byggja upp vinnu- og upplýsingakerfi

fyrir árangursríka greiningu og áætlanagerð hins opinbera á næstu áratugum. Unnið var að því að auka framleiðni hjá hinu opinbera með bættem stjórnarháttum og aðgengi almenninga að upplýsingum um ákvarðanir og rekstur ríkisins.

Að því er tekjuöflun varðar var unnið að því undirbúa heildstæða stefnu í skattamálum, þar sem áhersla var lögð á græna skatta og að tekjuöflun hins opinbera yrði einföld, skilvirk og réttlát með jafnræði að leiðarljósi.

Á sviði fjármálamarkaðarins var unnið að því að afnema gjaldeyrishöft að fullu og tryggja um leið að frjálst flæði fjármagns raskaði ekki efnahagslegum og fjármálegum stöðugleika og að styrkja rekstrarumhverfi fjármálamarkaðarins með tímanlegri innleiðingu Evrópugerða.

Mikilvægt leiðarstef ársins var að taka virkan þátt í að koma skipulagi vinnumarkaðarins í nútímalegt horf.

Starf ársins 2017 mótaðist af þessu.

Rekstur og fjárfestingar

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang fjármála- og efnahagsráðuneytis skipt eftir málefnasviðum árið 2017.

Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu.


Sýnd eru þau málefnasvið sem ráðherra ber alfarið ábyrgð á:

- 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.
- 33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar.
- 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.

Auk hlutdeildar í öðrum málefnasviðum, sem ráðherra ber ábyrgð á:

- 06 Grunnskrár og upplýsingamál, sbr. Hagstofu í málaflokki 06.1.
- 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar, sbr. Fjármálaeftirlitið í málaflokki 16.1.
- 27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks, sbr. jöfnun á örorku almennra lífeyrissjóða í málaflokki 27.5.
- 29 Fjölskyldumál, sbr. barnabætur í málaflokki 29.1.
- 31 Húsnæðisstuðningur, sbr. húsnæðisstuðningur í málaflokki 31.1.

Mynd 1 Rekstur – Málefnasvið og málaflokkar



Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.) Rekstrarútgjöld og fjárfestingar

33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	136.234,2
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	13.171,2
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	10.190,6
29 Fjölskyldumál	9.561,8
31 Húsnæðisstuðningur	4.424,1
27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks	4.108,7
16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpun	2.015,0
06 Grunnskrár og upplýsingamál	1.248,9
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	49,8
17 Umhverfismál	33,6

Málefнасvið

Í töflunni eru málaflokkar þeirra málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum annarra málefnasviða, sem fjármála- og efnahagsráðuneytið á hlutdeild í.

Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur, í m.kr. frádrægnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2017 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Tafla 1 Rekstur – málefnasvið og málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	12.205	12.490	-285	-2,3%	1.465	-1.750	-13%
0510 - Skattar og innheimta	6.724	6.854	-130	-1,9%	797	-928	-12%
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	-150	-166	16	-9,8%	150	-134	860%
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	2.007	2.029	-22	-1,1%	111	-133	-6%
0540 - Stjórnsýsla ríkisfjármála	3.624	3.772	-149	-3,9%	406	-555	-13%
06 Grunnskrár og upplýsingamál	1.210	1.254	-44	-3,5%	47	-90	-7%
0610 - Grunnskrár og upplýsingamál	1.210	1.254	-44	-3,5%	47	-90	-7%
16 Markaðsefirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	2.015	2.174	-159	-7,3%	45	-204	-9%
1610 - Markaðsefirlit	2.015	2.174	-159	-7,3%	45	-204	-9%
17 Umhverfismál	34	34	0	0,0%	0	0	0%
1740 - Varnir vegna náttúruvá	34	34	0	0,0%	0	0	0%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	4.109	4.160	-51	-1,2%	0	-51	-1%
2750 - Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	4.109	4.160	-51	-1,2%	0	-51	-1%
29 Fjölskyldumál	9.562	10.743	-1.181	-11,0%	0	-1.181	-11%
2910 - Barnabætur	9.562	10.743	-1.181	-11,0%	0	-1.181	-11%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	50	12	38	311,6%	-6	44	700%
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	50	12	38	311,6%	-6	44	700%
31 Húsnæðisstuðningur	4.424	6.138	-1.714	-27,9%	448	-2.162	-33%
3110 - Húsnæðisstuðningur	4.424	6.138	-1.714	-27,9%	448	-2.162	-33%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	136.234	92.797	43.438	46,8%	0	43.438	47%
3310 - Fjármagnskostnaður	81.358	78.320	3.038	3,9%	0	3.038	4%
3320 - Ríkisábyrgðir	458	0	458		0	458	
3330 - Lífeyrisskuldbindingar	54.418	14.477	39.942	275,9%	0	39.942	276%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	0	5.393	-5.393	-100,0%	0	-5.393	-100%
3410 - Almennur varasjóður	0	5.649	-5.649	-100,0%	0	-5.649	-100%
3420 - Sértækar fjárráðstafanir	0	-256	256	-100,0%	0	256	-100%

Athugið: Eignfærð fjárfesting og fjárfestingarframlag er ekki sýnt í framangreindu yfirliti.

Í töflunni birtast tilfærslur til tveggja málaflokka til viðbótar:

- Málaflokkur 17.4 Stuðningur við sveitarfélög vegna óveðurs og flóða.
- Málaflokkur 30.1 Fræðslu og orlofsjóður.

Málaflokkar

Alls námu heildarútgjöld, gjöld og fjárfesting, þeirra mála-flokka sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á 170,0 ma.kr. árið 2017 en áætlun ársins gerði á hinn bóginn ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu yrðu 132,8 ma.kr. Endanleg útkoma reyndist því vera 37,2 ma.kr umfram áætlun eða sem nemur um 28%. Stærsti hluti af umframútgjöldum ársins er til kominn vegna einskíptis og óreglulegra liða.

Frávik einstakra málaflókka umfram áætlun voru samtals 43,5 ma.kr. Þar vegur þyngst málaflokkur 33.3 *Lífeyrisskuldbindingar* en frávik í málaflóknum námu 39,9 ma.kr. Þau frávik skýrast af mestu af breyttri framsetningu reikningshalds. Ástæðan er sú að fjárlög ársins 2017 eru á GFS-reikningsskilagrunni en ríkisreikningur er gerður upp samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðli. Samkvæmt IPSAS færast nær allar breytingar á skuldbindingu ársins um rekstrarreikning en GFS færir áunnin ný réttindi sjóðfélaga á árinu og reiknaða vexti af heildarskuldbindingunni um rekstrarreikning. Megnið af gjaldfærslu ársins er vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum en í áætlun fjárlaga eru einungis áætlaðar lífeyrishækkningar þeirra sem byrjaðir eru að taka lífeyri.

Frávik í málaflökki 33.1 *Fjármagnskostnaður* nema 3 ma.kr. umfram áætlunir sem skýrast fyrst og fremst af einskíptiskostnaði við uppkaupt á skuldabréfum ríkissjóðs útgefnum í evrum árið 2014. Skuldabréfin voru á gjalddaga árið 2020. Í desember 2017 gerði ríkissjóður eigendum tilboð í bréfin og tóku fjárfestar, sem samtals áttu um 53% útstandandi bréfa, tilboði ríkissjóðs. Eftirstöðvar útgáfunnar eftir kaupin nema um 350 milljónum evra. Í kjölfar uppkaupanna gaf ríkissjóður út nýtt skuldabréf í evrum að fjárhæð 500 milljónir. Þrátt fyrir einskíptiskostnað af uppkaupunum er vaxtasparnaður ríkissjóðs til framtíðar umtalsverður af aðgerðinni. Nafnvextir á skuldabréfunum sem keypt voru til baka voru 2,5% en nýja bréfið ber 0,5% nafnvexti og eru það hagstæðustu kjör sem ríkissjóður hefur fengið á lánsfjármögnun nokkru sinni. Vaxtakostnaður vegna erlendra lána ríkissjóðs verður þ.a.l. lægri á komandi árum.

Í málaflökki 33.2 *Ríkisábyrgðir* nema frávikin 458 m.kr. umfram áætlunir sem skýrast af töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands. Hingað til hefur ekki tíðkast að áætla fyrir liðinn en hann er gerður upp eftir á í ríkisreikningi enda um óreglulegan lið að ræða sem byggist á forsendum sem erfitt er að áætla fyrir og ekki er hægt að hafa beina stjórn á.

Frávik undir áætlunum nema samtals 3,4 m.kr. Þar má fyrst nefna málaflokk 33.1 *Húsnæðisstuðningur* en heildargreiðslur vegna vaxtabóta árið 2017 voru 4,4 ma.kr., eða 1,7 ma.kr. lægri en í áætlun fjárlaga fyrir árið 2017. Skýrist það að meginhluta til af bættari eiginfjárstöðu heimila, lægri vaxtabyrði og lækkun vaxta á fasteignalánum. Nýting á skattfrjálsum séreignarsparnaði til niðurgreiðslu lána á hér einnig hlut að máli. Auk þess voru skerðingaráhrif vegna tekna þó nokkur vegna meiri tekjuhækkana milli ára

en reiknað hafði verið með. Vaxtabætur samkvæmt álagningu opinberra gjalda á einstaklinga lækkuðu einnig milli ára, eða úr 5,2 ma.kr. 2016 í 4,3 ma.kr. 2017, þ.e. um 1,1 ma.kr. samkvæmt frumálagningu sem hækkar alla jafna við kærur og endurálagningu. Þá fækkaði þeim fjölskyldum sem nutu vaxtabóta um tæp 17% sem svarar til 3.600 fjölskyldna.

Í öðru lagi má nefna að heildargreiðslur ríkissjóðs vegna barnabóta árið 2017 voru 9,5 ma.kr., eða 1,2 ma.kr. lægri en ráðgert hafði verið við áætlun fjárlaga fyrir árið 2017. Ástæða þess er fyrst og fremst mikil hækkun tekna milli ára, sérstaklega hjá barnafjölskyldum með lægri tekjur. Tekjur hækkuðu þannig hjá mörgum fjölskyldum talsvert umfram tekjuskerðingarmörk barnabóta sem þó voru hækkud um 12,5% frá árinu 2016, auk þess sem bótafjárhæðir voru hækkaðar um 3%. Barnabætur samkvæmt álagningu opinberra gjalda á einstaklinga voru aftur á móti nær þær sömu á árinu 2017 og árið 2016, eða 9,3 ma.kr. samkvæmt frumálagningu sem hækkar alla jafna við kærur og endurálagningu. Hins vegar fækkaði þeim fjölskyldum sem nutu barnabóta um tæp 3% sem svarar til 1.283 fjölskyldna á sama tíma og meðalbætur hækkuðu lítillega. Sama skýring á hér við eins og áður, þ.e. hækkun tekna umfram hækkun tekjuskerðingarmarkna fækkar þeim fjölskyldum sem fá barnabætur. Sem dæmi juku rétt tæplega tvö þúsund barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar og samskattaðir, sem höfðu verið undir skerðingarmörkum árið áður, tekjur sínar milli ára svo mikið að tekjustofn þeirra til skerðingar barnabóta fór umfram tekjuskerðingarmörk, þrátt fyrir aðurnefnda hækkun þeirra frá árinu 2016. Þessar upplýsingar byggjast á greiningu á skattframtölum barnafjölskyldna fyrir árin 2016 og 2017, sem taka mið af tekjum árunna 2015 og 2016.

Í þriðja lagi var málaflokkur 16.1 *Markaðseftirlit* 159 m.kr. undir áætlun sem skýrist annars vegar af því að því að launakostnaður Fjármálaeftirlitsins var nokkuð undir áætlun þar sem ekki var búið að ganga frá endurnýjun lausra kjarasamninga um síðastliðin áramót og stöðugildi voru færri en áætlunir gerðu ráð fyrir þar sem ekki var ráðið strax í lausar stöður eða vegna tímabundinnar fjarveru starfsmanna. Hins vegar skýrast frávikin á því að kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu Fjármálaeftirlitsins var lægri en áætlað var þar sem vinna við hugbúnaðargerð færðist milli ára og önnur sérfræðiþjónusta var lægri en áætlunir gerðu ráð fyrir.

Málaflokkur 05.1 *Skattar og innheimta* er 130 m.kr. undir áætlunum sem skýrist af því að stofnanir málaflökksins eru lítillega innan fjárheimilda ársins. Frávik vegna almenna varasjóðsins nema 5,6 ma.kr. sem er óráðstöfuð staða varasjóðsins í árslok sem mun verða felld niður í árslok. Frávik annarra málaflókka voru óveruleg.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málaefnasviðum sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur forræði yfir.

Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og tíunduð þau verkefni sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða á árinu.

Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2017 gerðir upp og sömuleiðis aðgerðir ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017.

Aðgerðir sem styðja við markmið X	Frankvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Stutt yfirskrift aðgerðar ásamt viðbótar skýringartexta	Aðgerð lokið	ártal
	Aðgerð komin vel á veg	
	Aðgerð hafin	
	Undirbúningur hafinn	
	Aðgerð ekki hafin	

Um þróun markmiða og mælikvarða.

Þau markmið og mælikvarðar sem birtast í kaflanum voru skilgreind með **fjárlögum fyrir árið 2017**. Breytingar á markmiðum og mælikvörðum urðu, eftir atvikum, með

fjármálaáætlun 2018-2022, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2017 og með **fjármálaáætlun 2019-2023**, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2018. Gerð er grein fyrir breytingunum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlun.

05.1 Skattar og innheimta

Með fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 05.1 Skattar og innheimta. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að aukinni framleiðni í skattkerfinu.

1. Tryggja betri skattskil, bæði álagningu og innheimtu, með jafnræði að leiðarljósi.
2. Bæta og samræma betur stjórnsýslu skattamála.
3. Einfalda innheimtukerfi skatta og opinberra gjalda og draga úr innheimtukostnaði.

Stöðumat markmiða

Þegar litið er til þeirra markmiða í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og þeirra mælikvarða og viðmiða sem þar voru sett fram má sjá að töluverður árangur hefur náðst þegar litið er til núgildandi fjármálaáætlunar fyrir árin 2019-2023 út frá fyrirbyggjandi markmiðum málaflokksins. Þó liggur fyrir að gera má enn betur á ákveðnum sviðum.

Í skattframkvæmd 2017 var unnið að því að styrkja faglega stjórnsýslu skattamála með það að markmiði að auka skilvirkni hennar jafnframt því að bæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Rétt er að vekja sérstaka athygli á góðum árangri í bættum skattskilum í virðisaukaskatti sem er stærsti tekjustofn ríkissjóðs, en þar fækkaði áætlunum umfram sett viðmið. Álagning lögaðila á tekjur ársins 2017 liggur enn ekki fyrir, en markmið um fækkun áætlana úr 4,6% í 4% við álagningu tekjuskatts á einstaklinga náðist ekki. Skýringar á því er fyrst og fremst að finna í verulegri aukningu erlends vinnuafls hér á landi, en reynslan sýnir að sá hópur skilar síður fullbúnu framtali og þar af leiðandi áætlun, en þeir einstaklingar sem búa hér að staðaldri. Við álagningu 2016 á tekjur ársins 2015 var hlutfall þeirra 44% en er nú komið í 51%. Verulegar framfarir hafa orðið í innheimtu opinberra gjalda, hvort heldur er litið til einstaklinga eða lögaðila og er árangur innheimtu yfir settu viðmiði á alla mælikvarða. Birting upplýsinga um stöðu skattaðila í sameiginlegri gagnvirkri þjónustugátt er í vinnslu og heldur sú vinna áfram með áherslu á aðgengi og gæði upplýsinga. Þegar liggja fyrir drög að skýrslu með tillögum

um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, m.a. með markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum að leiðarljósi. Hafa drögin þegar verið birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Þá hefur verið stigið skref með hækkun kolefnisgjalds í sömu átt. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi afmörkunar leiða til skattlagningar innlendrar og erlendrar ferðaþjónustu með tilliti til jöfnunar á samkeppnisstöðu. Vinna við endurskoðun innheimtu opinberra gjalda hófst árið 2017 og verður henni fram haldið.

Árangursmælingar markmiða.

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Tryggja betri skattskil, bæði álagningu og innheimtu, með jafnræði að leiðarljósi

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Fjöldi áætlana vegna, a) tekjuskatts einstaklinga, b) tekjuskatts lögaðila og c) virðisaukaskatts	a) 4,0% b) 27% c) 8,5%	a) 6,0% b) Liggur ekki fyrir c) 5,4%
Innheimtuhlutfall vegna a) tekjuskatts einstaklinga, b) tekjuskatts lögaðila og c) virðisaukaskatts	a) 83,8% b) 86,3% c) 81,9%	a) 86,8% b) 89,1% c) 82,8%
Afskriftir	0,85%	1,1%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Auka rafræna þjónustu enn frekar á öllum sviðum skattheimtu, með tekjuskatt einstaklinga sem fyrirmynd. Sameiginlegur aðgerðarhópur settur á fót í byrjun árs 2017 og ljúki störfum fyrir árslok.	Unnið var að útfærslu ýmissa rafrænna verkefna á sviði skattheimtu á árinu 2017 og verður þeirri vinnu haldið áfram af fullum krafti.	2017
Gerð einnar þjónustugáttar skatt-yfirvalda gagnvart skattgreiðendum. Einföldun álagningar- og innheimtu-seðla. Sérstakur stýrihópur skipaður fyrir lok árs 2016. Skili skýrslu fyrir mitt ár 2017.	Verkefnið varð hluti af stærra verkefni í árslok 2017 sbr. áherslu ríkisstjórnarinnar um rafræna þjónustugátt fyrir þjónustu hins opinbera.	2016- 2017
Efld upplýsingagjöf um skattamál einstaklinga og fyrirtækja með skýra framsetningu að leiðarljósi. Stýrihópur settur á laggirnar í október 2016. Samráð við stofnanir ráðuneytisins.	Þessa sér bæði stað í fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun þar sem lögð er áhersla á myndræna og einfalda framsetningu.	2016

Samræmd viðurlagaákvæði . Endurskoðun marka milli skattefirlits og skattrannsókna . Starfshópur skipaður í september 2016 sem skili tillögum vegna viðurlagaákvæða fyrir lok janúar 2017. Endurskoðun marka skattefirlits og -rannsókna tilbúin fyrir mitt ár 2017.	Ekki hefur tekist að hrinda þessum mikilvægu aðgerðum í framkvæmd vegna annarra brýnna verkefna, en stefnt er að því á árinu 2018.	2016- 2017
---	--	------------

Markmið 2: Bæta og samræma betur stjórnsýslu skattamála

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Fjöldi innsendra erinda vegna skatta- og tollamála	Fækkun erinda um 2,5% frá 2015	Mat liggur ekki fyrir
Fjöldi mála milli stofnana skattkerfisins	Samræmd mæling hafin	Enn til skoðunar
Málshraði	Samræmd mæling hafin	Enn til skoðunar

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Gerð samstarfssamnings milli stofnana skattkerfisins. Eftirfylgni ráðuneytisins með reglubundnum fundum. Slíkur samningur liggur fyrir. Ráðuneytið mun funda með aðilum á fyrsta ársfjórðungi 2017.	Samstarfssamningur hefur verið endurskoðaður og fundað hefur verið með stofnunum skattkerfisins.	2017
Innleiðing áhættugreiningar . Stýri- hópur skipaður byrjun árs 2017 sem ljúki störfum fyrir mitt sama ár. Starfshópur starfi ótímabundið en skili áfangaskýrslu einu sinni á ári.	Þessari aðgerð var slegið á frest en er áfram á verkefnalista ráðuneytisins.	2017
Samhæfing upplýsingakerfa til að fyrirbyggja tvíverknað. Stýrihópur skipaður fyrir áramót.	Verkefnið varð hluti af stærra verkefni í árslok 2017, sbr. áherslu ríkisstjórnarinnar um rafræna þjónustugátt fyrir þjónustu hins opinbera.	2017
Reglubundnir fundir ráðuneytis og stofnana skattkerfisins. Upplýsingamiðlun, samráð og samstarf . Reglubundnir fundir tvisvar á ári, sá fyrsti í apríl/maí 2017.	Fundir urðu færri en vonir stóðu til en upplýsingaskipti, bæði formleg og óformleg, eru orðin mun virkari.	2017-

Markmið 3: Einfalda innheimtakerfi skatta og opinberra gjalda og draga úr innheimtukostnaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Viðmið 2017	Raun 2017
Fækkun gjalddaga	200 gjalddagar (frá 269 árið 2015)	269 (eins og 2015)
Innheimtukostnaður ríkissjóðs	5% lækkun (var 488 m.kr. árið 2015)	550 m.kr.
Fækkun innheimtumanna	Starfshópur um úttekt og endurskipulagningu	Málið er enn í vinnslu og liggja því niðurstöður ekki fyrir

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Frankvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Heildarendurskoðun á útgjaldaliðnum innheimtukostnaður (09-250). Endurskoðun ljúki 2017 og breytingar komi fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018.	Ekki hefur átt sér stað formleg endurskoðun á tilgreindum lið, en kostnaður ársins 2017 varð hins vegar lægri á árinu 2017 en áætlað hafði verið.	2017- 2018
Sérlög um innheimtu opinberra gjalda; einföldun á viðurlagaákvæðum. Vinnsla hafin sem ljúki fyrir 1. apríl 2017.	Vinna við verkefni hefur reynt tímafrekari en búist var við, en vonir standa til að henni ljúki að mestu fyrir árslok 2018.	2017-
Endurskipulagning á innheimtakerfinu. Einn innheimtumaður í stað níu.	Starfshópur er að störfum sem ætlað er að skoða mögulega endurskipulagningu stofnana skattkerfisins, þar með talið innheimtakerfið. Niðurstaðna er að vænta í mars 2019.	2017-

05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Með fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 05.2 Eignaumsýsla ríkisins. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að meðferð eignarhalds allra ríkiseigna verði samræmd, fagleg og hagkvæm.

1. Bæta formfestu og eftirfylgni í samskiptum við félög í meirihlutaeigu ríkisins.

Tryggir skýrari samskipti um markmið um rekstur opinberra fyrirtækja sem eykur líkur á að þau skili því til samfélagsins sem til er ætlast.

2. Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.

Tryggja hagkvæman og skilvirkan fasteignarekstur ríkisins.

3. Bæta ferla við skráningu, val og úthlutun á rétti til nýtingar á auðlindum á ríkisjörðum.

Þannig að eðlileg og sýnileg arðsemi fái af þessum eignum.

Stöðumat markmiða

Gefin var út **endurskoðuð eigandastefna** í júlí 2017 fyrir þau fjármálafyrirtæki sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með. Í framhaldinu var henni miðlað til stjórnna viðeigandi fjármála-fyrirtækja til kynningar og innleiðingar, en lykílahersla er lögð á reglubundin samskipti og upplýsingagjöf milli eiganda og félags um markmið, rekstur og stefnumörkun. Grunnur var lagður að drögum að endurskoðaðri almennri eigandastefnu fyrir hluta- og sameignarfélög að meiri hluta í eigu ríkisins. Í tengslum við fyrrgreint berast reglubundnar upplýsingar nú á rafrænu formi frá félögum í eigu ríkisins, bæði varðandi rekstur síðasta árs og áætlanir stærri fyrirtækja til fimm ára. Stefnir er að því að auka bein samskipti í framhaldinu þar sem farið verður yfir markmið í rekstri til lengri tíma. Skýrari stefna um markmið og stjórnarhætti fyrir félögin til að vinna eftir stuðla að meiri gæðum í starfsemi og bættum rekstri félaga í eigu ríkisins.

Við eignausýslu ríkisins árið 2017 var markvisst unnið að því að meðferð eignarhalds allra ríkiseigna yrði samræmd, fagleg og hagkvæm. Umsýsla og meðferð eignarhalds flestra ríkiseigna, þ.m.t. stærsta hluta félaga í eigu ríkisins, fasteigna, jarða og auðlinda á ríkisjörðum, er miðlæg á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stofnana þess. Rafrænn korta- og upplýsingagrunnur liggur fyrir vegna ríkisjarða og stærri landspildna. Áfram er unnið að miðlægri skráningu annarra réttinda og auðlinda í ríkiseigu.

Árangursmælingar markmiða.

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í **frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017** og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Bæta formfestu og eftirfylgni í samskiptum við félög í meirihlutaeigu ríkisins

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Hlutfall félaga sem uppfyllir gátlista (rafræn ársreikningagögn með aukaupplýsingum) fyrir viðeigandi eigandastefnu	60%	90%
Hlutfall félaga sem skilar inn áætlunum á réttum tíma (á aðallega við stærri félög)	50%	100% af sendum beiðnum
Hlutfall félaga sem fá afhent bréf um væntingar eiganda á réttum tíma	60%	0% (innleitt eftir útg. eigandastefnu)

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Frankvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Uppfæra eigandastefnur (almenna eigandastefnu og fyrir fjármálafyrirtæki). Gerð nýrrar eigandastefnu fyrir orkufyrirtæki.	Gefin var út endurskoðuð eigandastefna í júlí 2017 fyrir þau fjármálafyrirtæki sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með. Fyrstu drög að almennri eigandastefnu lokið.	2016-2017
Útbúa sniðmát fyrir lykílarangursmarkmið í rekstri (v/fjármálaáætlun) til 3-5 ára sem fyrirtæki skila þremur vikum fyrir lok hvers rekstrarárs.	Sniðmát fyrir áætlanir stærri félaga, á formi sem hentar fyrir fjármálaáætlun, liggur fyrir og berast ráðuneytinu.	2017
Útbúa sniðmát fyrir væntingar eiganda um lykílarangursmarkmið og eigandastefnu eftir þörfum, t.d. arð, og fundi með fyrirtækjum í framhaldinu.	Yfirlit er tilbúið, en verkefninu lýkur þegar almenn eigandastefna verður gefin út.	2017-

Markmið 2: Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Hlutfall eigna sem eru í miðlægrri umsýslu ríkisins	80%	55%
Hlutfall eigna sem skráðar eru í miðlægan korta- og landupplýsingagrunn um ríkisjarðir	40%	40%
Hlutfall af ósérhæfu skrifstofuhúsnæði í eigu ríkisins á höfuðborgarsvæðinu í markaðsleigu	70%	<5%

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Frankvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Gerð eigandastefnu fyrir land og jarðir í eigu ríkisins. Farið yfir eignasafn ríkisins með skipulegum hætti þar sem farið er yfir samfélagslegt mikilvægi jarðeigna og mat lagt á hvort fjárbindingin sé réttlætunleg vegna nýtingar í þágu ríkisins. Úttekt á ábúðarkerfi ríkisjarða þar sem lagt verður mat á stöðu þess og hagkvæmni.	Fyrstu drög að meginþáttum eigandastefnu fyrir land og jarðir í eigu ríkisins voru birt til almennrar umsagnar ásamt niðurstöðum úttektar á ábúðarkerfi ríkisjarða.	2017
Gerð umsjónarsamninga við helstu stofnanir sem fara með umráð ríkiseigna um rekstur og hlutverk þeirra í samræmi við 43. gr. laga um opinber fjármál.	Drög að umsjónarsamningi liggja fyrir, sem notaður verður sem fyrirmynd að öðrum sambærilegum samningum við stofnanir ríkisins.	2017
Árið 2016 var komið á fót korta- og landupplýsingakerfi fyrir ríkisjarðir. Bæta þarf upplýsingar um jarðeignir ríkissjóðs í skránni.	Helstu upplýsingar liggja fyrir í korta- og landupplýsingakerfi fyrir ríkisjarðir.	2017-2018
Upptaka markaðsleigu eða ígildi hennar fyrir ósérhæft skrifstofuhúsnæði í eigu ríkissjóðs. Skoðað í ljósi reynslunnar hvort rétt sé að útfæra það kerfi á aðrar fasteignir ríkissjóðs.	Grunnforsendur fyrir upptöku markaðsleigu vel á veg komnar en áfram unnið að endanlegri útfærslu.	2017-

Markmið 3: Bæta ferla við skráningu, val og úthlutun á rétti til nýtingar á auðlindum á ríkisjörðum

Mælikvarðar	Viðmið 2017	Raun 2017
Hlutfall auðlindasamninga af heild sem uppfylla kröfur nýrrar eigandastefnu um auðlindir á ríkisjörðum		Eigandastefna enn í vinnslu
Fjöldi skráðra auðlindakosta af heild á ríkisjörðum	40%	20%
Sérgreining tekna af auðlindasamningum á ríkisjörðum	80%	40%

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Ljúka gerð eigandastefnu um auðlindir á ríkisjörðum.	Drög að meginþáttum vegna eigandastefnu um auðlindir á ríkisjörðum voru birt til almennrar umsagnar.	2016-2017
Skráningu allra auðlindasamninga sem gerðir hafa verið af hálfu ríkis á jörðum í eigu ríkisins.	Skráning auðlindasamninga stendur yfir hjá Ríkiseignum.	2017-
Sérgreining tekna af auðlindum á ríkisjörðum.	Aðgerð hafin.	2017

05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins

Með **fjárlögum fyrir árið 2017** voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk 05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins. Eftirfarandi markmið málaflökksins miða að skilvirkri og hagkvæmri fjármálaumsýslu og rekstri ríkisins. Að auki er þeim ætlað að stuðla að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur.

1. Bæta rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins.
2. Markvissari stjórnun og skipulag hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.
3. Bæta faglega stjórnun mannauðs og auka leiðtogaþæfni stjórnenda.

Stöðumat markmiða

Fjármálaumsýsla ríkisins hefur tekið miklum breytingum eftir gildistöku laga um opinber fjármál. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á reikningshaldi ríkisins sem hefur haft umtalsverðar breytingar í för með sér á verklagi stofnana við reikningshald og upplýsingagjöf. Nýtt verklag við eftirlit með

framkvæmd fjárlaga var innleitt á árinu 2017. Áhersla er lögð á samræmda upplýsingagjöf, vandaða áætlanagerð ríkisaðila og virkt eftirlit ráðuneyta með rekstri stofnana innan þeirra málefna sviða. Á árinu 2017 hófst innleiðing á nýju áætlanagerfi fyrir ríkisaðila og munu allir ríkisaðilar skila rekstraráætlunum sínum í nýju samræmdu kerfi. Ný lög um kjararáð tóku að fullu gildi 1. janúar 2018. Samhliða hefur verið unnið að gerð stjórnendastefnu þar sem áhersla er lögð á starfsþróun og aukinn stuðning við stjórnendur ríkisstofnana. Markmiðið er m.a. að bæta stjórnendafærni og árangur og búa til eftirsóknarverðara starfsumhverfi bæði fyrir stjórnendur og annað starfsfólk.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Bæta rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins

Mælikvarðar	Viðmið 2017	Raun 2017
Hlutfall ríkisaðila með daglegan rekstur, sem eru innan fjárheimilda innan ársins að teknu tilliti til varasjóðs	70%	70%
Hlutfall ríkisaðila með fjárhagsbókhald í Orra sem gerir reikninga vegna kaupa á vöru og þjónustu aðgengilega almenningi á sérstakri vefsíðu	3%	5%
Fjöldi stofnana sem hefur aukið samrekstur upplýsingakerfa, t.d. með skýjalausnum miðað við stöðu við lok ársins 2016	15	Mat liggur ekki fyrir
Hlutfall stofnana sem tekur þátt í sameiginlegum innkaupum í skilgreindum vöruflokkum	90%	70%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Sameiginleg innkaup ríkisstofnana, samstarfsverkefni Ríkiskaupa og ráðuneytisins.	Aðgerð lokið	2016-2017
Átak í upplýsingatæknimálum ríkisins sem m.a. tekur til endurnýjunar upplýsingatæknikerfa, hagkvæmari nýtingar á hugbúnaðarkerfum, bættis skipulags á umgjörð upplýsingatæknimála og þróunar á viðmiðum um nýtingu tölvuskýja.	Á árinu var stofnað upplýsingatækniteymi sem vann að fjórum verkefnum; frumverkefni um nýtingu X-Road (ESPD-verkefnið), mótun tækniarkitektúrs ríkisins, endursamningar um hugbúnaðarleyfi frá Microsoft og verkefni um nýtingu tölvuskýja í ríkisrekstri. Staða í lok ársins 2017 var misjöfn í verkefnum; X-Road (20%), tækniarkitektúr (30%), Microsoft-samningar (50%) og tölvuský (25%).	2016-2017
Innleiðing á rafrænu innkaupaferli , bæði hvað varðar útboðsferli og innkaup í gegnum samninga. Áætlað er að innleiðing verkefnisins taki þrjú ár, frá 2017-2019.	Aðgerð hafin með tilraunaverkefni þar sem fjórar stofnanir taka þátt. Verkefninu er skipt niður í 3 fasa þar sem tilraunaverkefnið er 1. fasi.	2017-2019
Reikningar vegna innkaupa ríkisins á vöru og þjónustu gerðir aðgengilegir almenningi á sérstakri vefsíðu.	Reikningar opinberra aðila birtast nú á vefsíðunni opinreikningar.is. Á vefnum er unnt að skoða upplýsingar um greidda reikninga ráðuneyta og stofnana. Birtar eru reikningsupplýsingar úr fjárhagskerfi ríkisins. Áframhaldandi innleiðing felur í sér að birta upplýsingar frá öllum stofnunum ríkisins.	2016-2018
Ljúka innleiðingu á rafrænum reikningum .	Nú þegar berast 70%-80% reikninga rafrænt. Unnið er að því að ljúka við innleiðingu á öllum stærstu birgjum ríkisins. Allir reikningar sem berast rafrænt fara í rafrænt samþykktarferli. Verið er að hefja rafræn reikningsviðskipti við aðrar Norðurlandþjóðir.	Lokið 2019

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Mótun áætlunar um þróun og notkun á fjárhags- og mannauðskerfum ríkisins (ath. aðgerðin styður einnig við markmið 2 og 3).	Mikill árangur náðist á árinu 2017 í framgangi nýrra verkefna í þróun á fjárhags- og mannauðskerfum ríkisins. Stýrihópur um stefnumörkun á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins hélt áfram störfum. Hlutverk stýrihópsins er að vera eiganda kerfisins til ráðgjafar hvað varðar stefnu og forgangsroðun og bera ábyrgð á innleiðingu stefnumörkunar og framgangi verkefna. Stýrihópurinn hefur fylgt eftir fimm ára verkefnaáætlun, forgangsraðað verkefnum og séð til þess að þróunarverkefni séu vel skilgreind og vandlega undirbúin áður en fjármögnun hefur verið veitt í einstök verkefni.	2016-2018

Markmið 2: Markvissari stjórnun og skipulag hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Hlutfall ríkisaðila í A-hluta sem nota miðlægt áætlanakerfi vegna áætlanagerðar fyrir næstkomandi ár	25%	20%
Hlutfall ríkisaðila í A-hluta sem skila stefnumótandi áætlun fyrir næstu þrjú ár til hlutaðeigandi ráðuneytis	90%	90%
Hlutfall ársáætlana ríkisaðila fyrir næstkomandi ár, sem eru samþykktar af hlutaðeigandi ráðuneyti fyrir 31. desember	85%	Fjárlög lágu ekki fyrir
Hlutfall markmiða málaflokka fyrir næstkomandi ár og markmiða í áætlunum ríkisaðila til næstu þriggja ára sem hafa skýrt skilgreinda árangursmælikvarða og mælanleg viðmið	75%	35%

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Þróun og innleiðing breytts verklags við áætlanagerð, áhættumat og eftirfylgni ásamt breyttri umsýslu fjárheimilda (ath. aðgerðin styður einnig við markmið 1)	Innleiðing hófst á samræmdu áætlanakerfi fyrir alla ríkisaðila og mun innleiðingartími taka um tvö ár. 40 ríkisaðilar tóku þátt í prófunum á nýju kerfi á árinu 2017.	2017-2018
Mótun heildstæðs lagamma um stofnanakerfið sem einnig felur í sér breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna (ath. aðgerðin styður einnig við markmið 3)	Undirbúningur hafinn. Frumgreining liggur fyrir.	2017

Markmið 3: Bæta faglega stjórnun mannauðs og auka leiðtogahæfni stjórnenda

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Viðmið 2017	Raun 2017
Hlutfall stofnana sem gert hafa markmiðatengda mannaflaspá og aðgerðaáætlun fyrir a.m.k. næstu þrjú ár	15%	
Hlutfall forstöðumanna sem fengið hafa mat á eigin frammistöðu og endurgjöf frá hlutaðeigandi ráðuneyti á undangengnum 24 mánuðum	25%	

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Þróun hæfniviðmiða fyrir stjórnendur sem mynda grunn að markvissri fræðslu og upplýsingagjöf til þeirra og mati á frammistöðu forstöðumanna (ath. aðgerðin styður einnig við markmið 2)	Vinna við gerð stjórnendastefnu ríkisins er langt á veg komin og er gert ráð fyrir að stefnan verði kynnt og innleidd á haustmánuðum 2018. Í stefnunni koma fram þau hæfniviðmið sem gerð eru til stjórnenda ríkisins og hvernig stuðning ríkið býður þeim. Þar er einnig gert ráð fyrir innleiðingu á frammistöðumati fyrir stjórnendur.	2017
Mat á stöðu og þróun mannaflaparfar einstakra stofnana til a.m.k. næstu þriggja ára í tengslum við markmið og áherslur í starfsemi stofnunar. Aðgerðaáætlanir unnar á grundvelli matsins	Vinna þegar hafin í samstarfi við velferðarráðuneyti og forsætisráðuneyti. Ætlunin er að byrja á heilbrigðiskerfinu.	2017-2019

05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Ekki voru skilgreind markmið fyrir málaflokk 05.4 Stjórnsýslu ríkisfjármála með fjárlögum fyrir árið 2017.

Stöðumat

Stjórnsýsla ríkisfjármála hefur þróast mjög eftir gildistöku laga um opinber fjármál. Helsti áfanginn er stefnumótun til lengri tíma og að nýtt verklag hefur fest í sessi. Á liðnu ári var lögð áhersla á ferli stefnumótunar og hagnýta þjálfun í stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar. Hluti þeirrar þjálfunar snerist um mótun framtíðarsýnar og markmiða, og um ólíka mælikvarða til að leggja mat á árangur. Þá má nefna að allir ríkisaðilar í A-hluta hafa unnið stefnu til a.m.k. þriggja ára auk hefðbundinna ársáætlana.

Árangursmælingar markmiða

Ekki voru skilgreindir mælikvarðar fyrir málaflokk 05.4 Stjórnsýslu ríkisfjármála með fjárlögum fyrir árið 2017.

06.1 Grunnskrár og upplýsingamál

Með fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind fjögur markmið fyrir málaflökk 06.1 Grunnskrár og upplýsingamál. Eftirfarandi markmið málaflökksins miða að því að opinber þjónusta verði byggð upp með lýðræði, skilvirkni, öryggi og þarfir almennings og atvinnulífs að leiðarljósi.

1. Auka sjálfsafgreiðslu (þar sem kerfi safna saman upplýsingum úr jafnvel mörgum skráum til að flýta fyrir), gæði og hagkvæmni þeirrar grunnþjónustu sem byggist á grunnskrám ríkisins, s.s. þjónustu sem tengist þjóðskrá, fasteignaskrá, útgáfu vegabréfa og landupplýsingum. Um leið verði stefnt að lækkun kostnaðar og auknu öryggi.
2. Hagtölugerð þjóni þörfum upplýstrar umræðu í samfélaginu og uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar og þarfir notenda innan lands.
3. Grunn gögn verði skilgreind og safnað á upprunastað og skráð eingöngu einu sinni og þau samnýtt milli kerfa eins og lög heimila. Allar opinberar skrár verði byggðar upp og reknar með það að leiðarljósi að sjálfsafgreiðsla verði meginregla, þörfum mismunandi notenda verði mætt,

öryggi upplýsinga og kerfa verði tryggt og rutt verði úr vegi lagalegum hindrunum. Hægt verði að nálgast gögn/upplýsingar, sækja rafræna opinbera þjónustu og sinna skráningu í ólíkar stjórnvaldsskrár á einum stað.

4. Nýta upplýsingatækni og netið til að styrkja lýðræði, stuðla að betri ákvarðanatöku, auka gegnsæi og auðvelda almenningsi og hagsmunaaðilum aðkomu að ákvarðanatökufærlum stjórnvalda.

Stöðumat markmiða

Þegar litið er til þeirra markmiða í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og þeirra mælikvarða og viðmiða sem þar voru sett fram má sjá að markmið 2 varðaði starfsemi Hagstofu sérstaklega.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 2: Hagtölugerð þjóni þörfum upplýstrar umræðu í samfélaginu og uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar og þarfir notenda innan lands

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Fjöldi heimsóknna á vef Hagstofunnar, innlendan og erlendan vef. Mælikvarði þús. heimsóknna (innlendar/erlendar)	400/148	388/408
Endurbætur og styrking launarannsóknna og aukið framboð og niðurbrot hagtalna um laun og tekjur	Unnið að auknu framboði og niðurbroti hagtalna um laun og tekjur	Á árinu 2017 var unnið að ráðningum og þjálfun starfsmanna við framkvæmd á launarannsókn, bæði vegna mannbreytinga og aukningu mannafla í málaflökkinn
Innleiðing umhverfisreikninga	Vinna hafin við tölfræði varðandi umhverfisskatta og gjöld, umhverfistengd útgjöld, orkuflæðisreikninga og losun gróðurhúsalofttegunda	Innleiðing umhverfisreikninga hafin. Vinna við tölfræði um losun gróðurhúsalofttegunda hafin
Ánægja notenda með þjónustu Hagstofunnar, markmið að fara ekki undir 6,5 á mælikvarðanum 0-10	6,7	7,2

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
SALEK: að auka framboð og frekara niðurbrot á launatölfræði	Á árinu 2017 var unnið að ráðningum og þjálfun starfsmanna við framkvæmd á launarannsókn, bæði vegna mannbreytinga og aukningu mannafla í málaflokkinn.	2017-2018
Umhverfisreikningar verði innleiddir í áföngum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar í EES-samningnum.	Innleiðing umhverfisreikninga hafin. Vinna við tölfræði um losun gróðurhúsalofttegunda hafin.	2017-2019

16.1 Markaðseftirlit

Með fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 16.1 Markaðseftirlit. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að stuðla að virkum, stöðugum og samkeppnishæfum íslenskum fjármálamarkaði og virkri samkeppni í viðskiptum.

5. Skýra hlutverk, stöðu og verkefni Fjármálaeftirlitsins í sérstökum lögum um stofnunina.

6. Óinnleiddum Evrópugerðum verði fækkað.

Stöðumat markmiða

Þegar litið er til þeirra markmiða í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og þeirra mælikvarða og viðmiða sem þar voru sett fram má sjá að nokkur árangur hefur náðst í þessum málaflokki.

Ráðherra skipaði starfshóp sem falið var að endurskoða lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og greiðslu kostnaðar vegna sama eftirlits í ágúst 2017. Í lok árs 2017 voru óinnleiddar Evrópugerðir töluvert undir því hámarki sem fjárlög ársins 2017 settu. Á árinu 2017 voru níu Evrópugerðir teknar upp í EES-samninginn en 16 Evrópugerðir voru innleiddar í íslensk lög á sama ári, auk hluta annarra sem hafa ýmist þegar verið teknar upp í samninginn eða eru nálægt upptöku.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Skýra hlutverk, stöðu og verkefni Fjármálaeftirlitsins í sérstökum lögum um stofnunina

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Breytingar á lögum í samræmi við markmið	Frumvarp samþykkt sem lög	Frumvarp í vinnslu

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Skipun nefndar um heildarendurskoðun laga nr. 87/1998 og laga nr. 99/1999	Starfshópur var skipaður í ágúst 2017	2017

Markmið 2: Óinnleiddum Evrópuverðum verði fækkað

Mælikvarðar	Viðmið 2017	Raun 2017
Óinnleiddum Evrópuverðum verði fækkað	<50	13

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Endurskoðun verkferla við innleiðingu í fjármála- og efnahagsráðuneyti	Endurskoðun á verkferlum var hafin	Vor 2017

33.1 Fjármagnskostnaður

Með fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 33.1 Fjármagnskostnaður.

1. Lækka skuldir ríkissjóðs.
2. Lækka fjármagnskostnað.

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárför og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Stefna stjórnvalda er að draga úr skuldsetningu ríkissjóðs á næstu árum, bæði að nafnvirði og sem hlutfall af VLF. Lækkandi skuldahlutfall dregur úr vaxtakostnaði og hefur að óbreyttu jákvæð áhrif á lánshæfismat sem aftur hefur jákvæð áhrif á lánskjör. Með því að draga úr vaxtabyrði skapast aukið svigrúm til uppbyggingar og aukinna útgjalda á öðrum sviðum.

Stöðumat markmiða

Verulegur ávinningur náðist á árinu með lækkun skulda ríkissjóðs sem hafa mun jákvæð áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs til framtíðar. **Á vormánuðum 2017 keypti ríkissjóður til baka ríflega 90% af útistandandi fjárhæð skuldabréfs í Bandaláskjörum** sem gefið var út til tíu ára á árinu 2012.

Við þá aðgerð lækkuðu erlendar skuldir um tæplega 100 ma.kr. Skuldabréfið var með 5,875% vöxtum og hafði aðgerðin því veruleg jákvæð áhrif til lækkunar vaxtakostnaðar til framtíðar.

Í desember gerði **ríkissjóður tilboð í skuldabréf, útgefið í evrum á árinu 2014, sem var á gjalddaga 2020.**

Eigendur að ríflega 400 milljónum evra tóku tilboðinu. Í kjölfar þeirra uppkaupa gaf ríkissjóður út nýtt skuldabréf í evrum að fjárhæð 500 milljónir til fimm ára. Endurfjármögnunin hafði jákvæð áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs, en nafnvextir nýja bréfsins nema 0,5%, sem er verulega hagstæðara en 2,5% vextir eldra bréfsins. Ríkissjóður hefur aldrei áður fengið jafn hagstæð kjör á sínum skuldum.

Á árinu keypti ríkissjóður einnig til baka stóran hluta af skuldabréfi sem gefið var út til endurfjármögnunar fjármálastofnana, RIKH 18, auk þess sem eftirstöðvar af skuldabréfi Seðlabanka Íslands var að fullu greitt upp.

Alls lækkuðu brúttó skuldir ríkissjóðs um 211 ma.kr. á árinu 2017, sem var töluvert meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Lánshæfismat ríkissjóðs hefur farið hækkandi á síðustu misserum. Bætt lánskjör endurspeglar þann árangur sem náðst hefur við stjórn efnahags- og ríkisfjármála og hagstæðar horfur. Bætt lánshæfismat hefur jákvæð áhrif á lánskjör ríkissjóðs.

Árangursmælingar markmiða.

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í nágildandi fjármálaáætlun.

Mælikvarðar fyrir lækun skulda ríkissjóðs:	Viðmið 2017	Raun 2017
Heildarskuldir að nafnvirði	1.004	917
Skuldir sem % af VLF	39%	31%

Mælikvarðar fyrir lækun fjármagnskostnaðar:	Viðmið 2017	Raun 2017
Fjármagnskostnaður í ma.kr	78,3	81,3
Fjármagnskostnaður sem hlutfall af VLF	2,7%	3,2%

Heildarskuldir ríkissjóðs voru um 87 milljörðum lægri í árslok 2017 en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það af fyrirframgreiðslu útistandandi skulda. Skuldir sem hlutfall af landsframléiðslu voru 31% til samanburðar við 39% eins og áætlað var. Þær skuldastýringaraðgerðir og vörðuðu erlend lán sem farið var í á síðasta ári voru kostnaðarsamar aðgerðir þar sem ríkissjóður þurfti að greiða talsvert yfirverð fyrir þau bréf. Sá einskiptiskostnaður er gjaldfærður sem fjármagnskostnaður og skýrist mismunur á raunfjármagnskostnaði og viðmiði fyrir 2017 af því, þar sem uppkaup skulda voru ekki áætluð fyrir fram.

Eins og fram kemur hér frammar hafa aðgerðirnar hins vegar verulega jákvæð áhrif á fjármagnskostnað ríkissjóðs til framtíðar og verður vaxtakostnaður mun lægri á tímabili fjármálaáætlunar en áður var gert ráð fyrir sökum þess. Kaup á eigin skuldabréfum ríkissjóðs í flokknum RIKH 18 voru hins vegar með afslætti, þ.e. flest bréf voru keypt á verðinu 99,9.

Þau skuldabréf bera breytilega vexti sem voru að meðaltali 4,4% á síðasta ári.

Verulegur sparnaður náðist því með uppkaupum á RIKH 18 og uppgreiðslu Seðlabankabréfs sem vegur á móti auknum kostnaði vegna uppkaupa erlendra skulda. Fjármagnskostnaður sem hlutfall af landsframléiðslu var einnig aðeins hærri en áætlað var, sem skýrist bæði af auknum kostnaði í ma.kr. sem og því að vöxtur landsframléiðslu var heldur minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflöksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflökkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2017 eru eftirfarandi:

Aðgerðir 2017 í málaflökki, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Greiða niður skuldir með stöðugleikaframlagi slitabúa	Aðgerð komin vel á veg.	2016-2018
Nýta óreglulegar tekjur til niðurgreiðslu skulda	Aðgerð komin vel á veg.	2016-2021
Lækka útistandandi hámarksfjárhæð markflokka ríkisbréfa	Aðgerð hafin.	2017-2021
Taka upp virkari lausafjárstýringu og lækka innstæður í Seðlabanka Íslands	Aðgerð hafin.	2017
Endurfjármagna útistandandi skuldir þegar tækifæri gefst á betri vaxtakjörum	Aðgerð komin vel á veg.	2017-2021
Taka upp vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði.	Aðgerð ekki hafin.	2017

Stöðugleikaframlög slitabúa föllnu fjármálafyrirtækjanna námu alls 384 ma.kr. við móttöku þeirra í ársbyrjun 2016. Stærstur hluti þeirra eða 184 ma.kr. var hlutafé í Íslandsbanka og skuldabréf sem Kaupþing gaf út til ríkissjóðs var að fjárhæð 84 ma.kr. Á síðustu misserum hefur verið unnið að því að koma stöðugleikaeignum í verð og andvirði þeirra nýtt í niðurgreiðslu skulda. Í árslok 2018 er gert ráð fyrir að stærstum hluta hafi verið ráðstafað en eftir stendur hlutafé í Íslandsbanka auk nokkurra annarra óverulegra eigna. Þá hafa óreglulegar tekjur eins og arðgreiðslur einnig verið nýttar til niðurgreiðslu skulda á síðustu árum. Þessar tvær aðgerðir eru því komnar vel á veg. Í stefnu í lánamálum sem gefin var út haustið 2016 var kynnt nýtt viðmið fyrir hámarksfjárhæð útistandandi innlendra markflokka. Allir nýir flokkar verða því að hámarki 70 ma.kr.

að stærð í stað 100 ma.kr. eins og áður. Þá verður leitast við að minnka stærð þegar útgefinna flokka eftir því sem tækifæri gefst. Ríkissjóður tók upp virkari lausafjárstýringu á síðasta ári sem byggist á því að stýra lausafjárstöðu ríkissjóðs þannig að hún sé að jafnaði 40 ma.kr. Ríkissjóður getur þá annaðhvort tekið lán á markaði ef staðan fer undir 40 ma.kr. viðmiðið eða veitt lán ef lausafjárstaðan er umfram viðmið. Áfram verður leitast við að nýta tækifæri til endurfjármögnunar skulda eins og áður, ef aðstæður leyfa, með það fyrir augum að lækka vaxtakostnað ríkissjóðs. Fyrirhugað er að taka upp vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði með það að markmiði að stýra vaxtaáhættu ríkissjóðs. Undirbúningsvinna er hafin en ekki er gert ráð fyrir slíkum samningum fyrr en á haustmánuðum 2018 eða á vormánuðum 2019.

33.2 Ríkisábyrgðir

Með fjárlögum fyrir árið 2017 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir málaflökk 33.2 Ríkisábyrgðir.

1. Draga úr ríkisábyrgðum

Stefna stjórnvalda er að draga úr ríkisábyrgðum eins og kostur er næstu árin. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út nýjar ríkisábyrgðir á tímabilinu.

Stöðumat markmiða

Á árinu 2017 lækkuðu ríkisábyrgðir úr 1.039 ma.kr. í 970 ma.kr. Þar af eru ábyrgðir vegna Íbúðalánasjóðs 794 ma.kr. eða 82% af heildarríkisábyrgðum. Ríkisábyrgðir vegna Landsvirkjunar nema 153 ma.kr. eða 16% af veittum ábyrgðum. Í hlutfalli af VLF lækkuðu ríkisábyrgðir úr 42% í 38% á milli ára. Helstu markmið málaflökksins eru að lækka stöðu ríkisábyrgða eins hratt og kostur er ásamt því að veita ekki nýjar ríkisábyrgðir.

Vel hefur gengið að lækka útistandandi ríkisábyrgðir á síðustu árum. Skuldbindingar Íbúðalánasjóðs eru með afborgunarfyrikomulagi og hafa því ábyrgðir vegna sjóðsins lækkað

í samræmi við niðurgreiðslu sjóðsins á útistandandi skuldum. Sjóðurinn hefur ekki tekið á sig neinar nýjar skuldbindingar á síðustu árum. Staða ríkisábyrgða gagnvart Íbúðalánasjóði, sem hlutfall af landsframleiðslu, hafa lækkað úr 76% í lok árs 2009 í 29% í lok júnímánaðar 2018. Landsvirkjun hefur í auknum mæli greitt niður skuldir með ríkisábyrgð á síðustu árum og félagið hefur þar að auki lagt áherslu á fjármögnun án ríkisábyrgðar síðustu ár.

Raunstaða ríkisábyrgða var 56 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir og sem hlutfall af VLF voru þær 38% í stað 41% eins og áætlað hafði verið.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Mælikvarðar – draga úr ríkisábyrgðum:	Viðmið 2017	Raun 2017
Nafnvirði útistandandi ábyrgða	1.026	970,3
Ríkisábyrgðir % af VLF	41%	38%

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflöksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflökkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2017 eru eftirfarandi:

Aðgerðir 2017 í málaflökki, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp

Ekki veita nýja ríkisábyrgðir eða endurnýja útstandandi ábyrgðir

Framkvæmt 2017

Aðgerð komin vel á veg

Tímabil aðgerða

2017-2021

Stefna stjórnvalda hefur verið að draga úr ríkisábyrgðum. Vel hefur tekist til á síðustu misserum, ekki hafa verið gefnar út nýjar ábyrgðir og dregið hefur verið úr útstandandi fjárhæðum þegar veittra ábyrgða. Mestu munar um afborganir af skuldum Íbúðalánasjóðs og því að sjóðurinn hefur ekki gefið út ný lán. Þá hefur Landsvirkjun markvisst unnið að því að greiða niður útstandandi lán með ríkisábyrgð og áhersla hefur verið á ný lán án ríkisábyrgðar. Framsetning ríkisábyrgða gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna tók þó breytingum á árinu. Með lögum nr. 127/2016 var lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna breytt og ríkissjóður innti af hendi framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nam alls 117 ma.kr. Með því féll niður bakábyrgð ríkissjóðs sem launagreiðanda gagnvart sjóðnum. Hluti af framlagi ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

var fjármagnaður með framsali á skuldabréfum á Lánasjóði íslenskra námsmanna, þ.e. kröfum ríkissjóðs vegna veittra lána til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 60 ma.kr. Sú aðgerð fól í sér að eignahlið efnahagsreiknings ríkissjóðs lækkaði um þá fjárhæð í veittum lánnum. Hins vegar er ríkissjóður ábyrgur gagnvart skuldbindingum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og eftir framsal skuldabréfanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins teljast þær nú meðal ríkisábyrgða. Í heildarsamhenginu er áhætta ríkissjóðs óbreytt af þessari aðgerð en breytingin felst í því að áður var áhættan innan efnahags ríkissjóðs, en eftir framsalið til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins kemur áhættan fram utan efnahags meðal ríkisábyrgða og hækkaði útstandandi staða þeirra sem nam fjárhæð framseldra skuldabréfa.

33.3 Lífeyrismál

Með fjárlögum fyrir árið 2017 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir málaflökk 33.3 Lífeyrismál.

1. Minnka útstandandi lífeyriskuldbindingar

Stöðumat markmiða

Markmiðið er að lífeyriskuldbindingar verði ekki meiri en sem nemur 20% af VLF og undir 15% til lengri tíma litið en þær voru 24,2% af VLF í árslok 2017.

Lífeyriskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs, sem ekki teljast fjármagnaðar, hækkuðu úr 611 ma.kr. í 619 ma.kr. á árinu 2017. Sem hlutfall af VLF lækkuðu lífeyriskuldbindingar úr 24,9% í 24,2% á árinu. Breytingar á skuldbindingunum milli ára eiga sér nokkrar skýringar. Þar vega þýngst hækkanir á skuldbindingum sjóðanna vegna launahækkana hjá opinberum starfsmönnum sem hafa beina tengingu við lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Þá fékk sjóðurinn heimild til að nýta 23 ma.kr. af fyrirframgreiðslum

ríkissjóðs til greiðslu lífeyris. Á móti vegur að hrein raunavöxtun sjóðanna var góð á árinu 2017 og námu vextir og verðbætur ríkissjóðs af fyrirframgreiðslum hjá sjóðunum um 20 ma.kr. Jafnframt greiddi ríkissjóður sérstök framlög fyrir fram til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem námu 24 ma.kr., þar af voru 19 ma.kr. óseldar stöðugleikaeignir sem voru í umsýslu Lindarhvals og sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 5 ma.kr. Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar á milli ára.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 og stöðunnar í lok ársins 2017. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Mælikvarðar - draga úr ríkisábyrgðum:	Viðmið 2017	Raun 2017
Lífeyrisskuldbindingar NV	570	619
Lífeyrisskuldbindingar % af VLF	23%	24,2%

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflöksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflökkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2017 eru eftirfarandi:

Aðgerðir 2017 í málaflökki, sbr. fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp	Framkvæmt 2017	Tímabil aðgerða
Greiða árlega 5 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar	Aðgerð hafin	2017-2021
Nýta hluta af söluandvirði Íslandsbanka til niðurgreiðslu skuldbindinga	Aðgerð ekki hafin	2017-2021

Á árunum 2017 og 2018 innti ríkissjóður af hendi sérstakar forningreiðslur til B-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 5 ma.kr. Þær forningreiðslur munu halda áfram á næstu árum og hækka fjárhæð þeirra í 7 ma.kr. árlega innborgun frá og með árinu 2019. Ekki hafa verið sett fram

nein áform um sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka. Verði af slíkri sölu kann að koma til álita að nýta hluta af söluandvirði bankans í viðbótar forgreiðslur til B-deildar sem draga mun úr útistandandi skuldbindingum ríkissjóðs.

34.0 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Ekki voru skilgreind markmið fyrir málefna svið 34 með fjárlögum fyrir árið 2017. Þar er átt við málaflökkana 34.1 Almennur varasjóður og 34.2 Sértækar fjárráðstafanir.

Stöðumat

Engin eiginleg starfsemi fer fram í þessum málaflökki og engin útgjöld eru reikningsfærð á hann, heldur eru fjárheimildir millifærðar frá honum til stofnana og verkefna þar sem útgjöldin falla til. Almennur varasjóður gegnir áþekku hlutverki og fjárlagaliður fyrir ófyrirséð útgjöld sem hefur verið til staðar í fjárlögum og ríkisfjármálaáætlunum mörg undanfarin ár.

Árangursmælingar markmiða

Ekki voru skilgreindir mælikvarðar fyrir málaflökkana 34.1 Almennur varasjóður og 34.2 Sértækar fjárráðstafanir með fjárlögum fyrir árið 2017.

Kynja- og jafnréttismál

Ráðuneytið vinnur markvisst að kynja- og jafnréttismálum. Á árinu 2017 var áhersla lögð á eftirfarandi mál sem öll eiga að stuðla að jafnrétti: Kynjaðri fjárlagagerð, söfnun og skráningu kyngreindra tölfraeðigagna, jafnréttismati á frumvörpum, umbótum á verkferlum með það að marki að tengja þá við kynja- og jafnréttissjónarmið, innleiðingu jafnlaunastaðals, að koma á ferlum við eftirlit og að auka fræðslu og samstarf.

Ráðuneytið hefur leiðandi hlutverki að gegna gagnvart öðrum ráðuneytum varðandi kynjaða fjárlagagerð og hefur á árinu unnið að því að byggja undirstöður svo að hægt verði að tengja kynja- og jafnréttissjónarmið við fjármálaáætlun og fjárlagagerð. Það hefur sömuleiðis hafið undirbúning að vinnu sem þarf að fara fram við að greina öll málefna svið og málaflokka ríkisins út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Áformað er að sú vinna hefjist haustið 2018. Í tengslum við þá vinnu hefur ráðuneytið einnig leiðandi hlutverki að gegna þegar kemur að því að bæta söfnun og skráningu kyngreindra tölfraeðigagna.

Ásamt því að leiða kynjaða fjárlagagerð innan Stjórnarráðsins ber ráðuneytið einnig ábyrgð á að tengja kynja- og jafnréttissjónarmið við ákvarðanatöku varðandi þau málefna svið og málaflokka sem ráðuneytið ber ábyrgð á. Sú vinna er leidd af stýrihópi kynjaðrar fjárlagagerðar innan ráðuneytisins.

Í tengslum við vinnu ráðuneytisins sjálfs var á árinu 2017 gerð greining á kynjaáhrifum samnýtingar skattþrepa fyrir

þau ár sem hún hefur tíðkast. Helstu niðurstöður eru þær að samnýting er algengust meðal tekjuhæstu sambúðanna og endurgreiðsla af þessu tagi við álagningu getur haft áhrif á stöðu einstaklinga innan sambúðarinnar. Í framhaldi af þessu verkefni var tekin ákvörðun um að fram færi viðtækari og ítarlegri greining á kynjaáhrifum innan skattkerfisins. Augljóst má vera að bregðast þurfi við niðurstöðum sem myndu leiða í ljós eða staðfesta neikvæð áhrif á jafnrétti.

Við undirbúning frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2018 vann fjármála- og efnahagsráðuneytið mat á áhrifum aðgerða, í málaflokki 5.2 Eignaumsýslu ríkisins, á markmið um jafna stöðu karla og kvenna. Teknar voru saman upplýsingar um með hvaða hætti aðgerðir málaflokksins styddu við markmið um jafnrétti. Í framhaldinu var m.a. ákveðið að ráðast í eftirtalin verkefni: Skerpa á þáttum almennrar eigandastefnu svo að hún styðji skýrt við markmið um jafnrétti, auk útfærslu og innleiðingar á framkvæmdaáætlun til að leiðrétta mögulegan halla; afla kyngreindra gagna, t.d. um kynjahlutfall í stjórnnum opinberra fyrirtækja.

Á árinu 2017 kom ráðuneytið að vinnu við gerð leiðbeininga um jafnréttismat á frumvörpum sem forsætisráðuneytið leiðir. Ráðuneytið leggur áherslu á að öll frumvörp sem kunna að hafa mikil áhrif eða meðalkynjaáhrif séu jafnréttismetin.

Hafin var innleiðing jafnlaunastaðals á árinu 2017.

Ávinningur af styrkjum og framlögum 2017

Árið 2017 kom ekki til útgjalda ráðherra vegna styrkja og framlaga, skv. 62. gr. laga nr. 123/2015. Ekki var því um að ræða fjárstuðning sem ráðherra veitir öðrum en ríkisaðilum vegna kostnaðar við tiltekin verkefni án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Tafla 2: Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2017

Varasjóður málaflokks 05.1	Upphæð í m.kr.	Varasjóður málaflokks 05.3	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs.	24,8	Staða varasjóðs í upphafi árs.	13,1
Engu var ráðstafað af varasjóði málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu.		Engu var ráðstafað af varasjóði málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu.	
Staða varasjóðs í lok árs	24,8	Staða varasjóðs í lok árs	13,1

Varasjóður málaflokks 05.2	Upphæð í m.kr.	Varasjóður málaflokks 05.4	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs.	17,5	Staða varasjóðs í upphafi árs.	13,1
Engu var ráðstafað af varasjóði málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu.		Engu var ráðstafað af varasjóði málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu.	
Staða varasjóðs í lok árs	17,5	Staða varasjóðs í lok árs	13,1

Almennur varasjóður sbr. málefnasvið 34


Í fjárlögum er óskiptur almennur varasjóður, skv. 24. gr. laga um opinber fjármál, til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti á fjárlagaárinu. Almennur varasjóður nemur að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga. Framlag úr ríkissjóði í almennan varasjóð á árinu 2017 nemur 7,5 ma.kr. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga ásamt öðrum meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna eldgosa, jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum.

Tafla 3: Yfirlit yfir ráðstöfun úr almennum varasjóði, sbr. málaflokk 34.1, árið 2017

Almennur varasjóður, málaflokkur 34.1	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	7.500
Fjárauki	1.479
Launabætur og verðlagsforsendur	-1.565
Alþingiskosningar og ríkisstjórnarskipti	-618
Dómkröfur	-350
Fjárframlög vegna óveðurs og flóða	-343
Annað	-454
Staða varasjóðs í lok árs	5.649

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna



Athugið: Inn á myndina vantar áætlaða árslokastöðu fyrir almennan varasjóð (5,6 ma.rk.) og lífeyrisskuldbindingar (39,9 ma.kr.) vegna hlutfallslegs umfangs í samanburði aðra liði en liðirnir eru felld niður við árslok.

Yfirlit yfir útgefið efni

- [Fjármálaáætlun 2017-2021](#)
- [Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017](#)
- [Fylgirit með fjárlagafrumvarpi 2017](#)
- [Fjárlög 2017](#)

Tafla 5 Yfirlit yfir millifærslur á árinu 2017 skv. 29. gr. laga um opinber fjármál

Málaflokkur	Heiti málaflokks	Fjárhæð m.kr.	Millifært af	Millifært til	Skýring
34.2	Sérstakar fjárráðstafanir	295	09-481 Útgjöld skv. heimildar-ákvæðum	09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	Útgjöld skv. heimildar-ákvæðum skv. 6 gr.
33.3	Lífeyris-skuldbindingar	16,8	09-381 Lífeyris-skuldbindingar, eftirlaun	02-974 Sinfóníu-hljómsveit Íslands	Mæta kostnaði v. lífeyrisskuldbindinga Sinfóníu-hljómsveitar Íslands 2017